



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### **Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um lokun skólamunasafns í Austurbæjarskóla**

Á fundi borgarráðs, 15. september 2022, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins:

*Til stendur þvert gegn vilja fjölda manns að loka Skólamunastofu Austurbæjarskóla. Fulltrúi Flokks fólksins spyr hvert munirnir eigi að fara? Munu þeir fá stað þar sem hægt verður að sýna þá? Munirnir, sem þarna eru varðveittir eru menningarverðmæti. Það yrði afar sorglegt ef þeir lenda ofan í kössum og geymslu einhvers staðar úti í bæ á vegum borgarinnar. Þar verða þeir engum til ánægju og gleymast bara. Fulltrúi Flokks fólksins vill benda borgaryfirvöldum á að Skólamunastofan raungerir margt sem nefnt er í menningarstefnu borgarinnar. Það verður ekki liðið að sópa þessum merkilegu munum ofan í kassa þar sem þeir gleymast.*

#### **Svar:**

Ákvörðun hefur verið tekin um að skólamunastofa verði ekki starfrækt í Austurbæjarskóla en munirnir verði varðveittir með tryggum hætti.

Eftirfarandi upplýsingar eru til að varpa ljósi á sögu máls.

#### **Upphafið**

Á 80 ára afmæli Austurbæjarskóla 2010 var sett upp sýning fyrir almenning í íþróttasal skólans á fjölda gripa og gagna úr skólasögu Austurbæjarskóla. Sama ár var Hollvinafélag Austurbæjarskóla stofnað. Var tilgangur félagsins m.a. að starfrækja skólamunastofu innan skólans og skrásetja sögu skólans. Í lögum félagsins er tiltekið að verja eigi tekjum félagsins til að efla starfsemi sem samrýmist tilgangi þess svo og aðra þætti í starfi Austurbæjarskóla sem stuðlað geta að bættu námsgengi og bættri líðan nemenda skólans. Ljóst var að fyrstu ár félagsins var ekkert rými undir slíka skólamunastofu innan skólans þar sem skólahúsnæðið var allt þegar í notkun. Árið 2016 stóð þannig á nemendafjölda að unnt var að koma þeim skólaminjum, sem voru í geymslum skólans eða á víð og dreif um skólabygginguna, fyrir á einum stað - í risi skólans. Enda rýmið þá ekki notað til skólastarfs.

#### **Aukin húsnæðisþörf fyrir starf Austurbæjarskóla**

Í desember 2020 lagði skóla- og frístundasvið til að sett yrði á laggirnar íslenskuver í hverfum borgarinnar og samþykkti borgarstjórn verkefnið við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2021.



Tillaga um tilhögun og verklag starfs í Íslenskuveri var samþykkt á fundi skóla- og frístundaráðs 9. febrúar 2021.

Þess var farið á leit við Austurbæjarskóla þann 11. febrúar 2021 að skólinn legði til aðstöðu fyrir Íslenskuver í borgarhlutanum. Var lagt til í erindi sviðsstjóra að staðsetning Íslenskuvers í Austurbæjarskóla yrði staðsett í risi skólans. Umrædd beiðni var samþykkt á fundi skólaráðs þann 12. febrúar 2021.

### **Andstaða Hollvinafélags**

Mikil andstaða kom frá Hollvinafélagi Austurbæjarskóla, m.a. með stuðningi aðila utan skólasamfélagsins þegar átti að koma nýju Íslenskuveri fyrir í aðstöðunni. Til að tryggja samstöðu og frið um opnun Íslenskuversins sem er mikilvæg þjónusta við nemendur, leituðu stjórnendur skólans leiða til að koma því fyrir á öðrum stað í húsinu að sinni.

### **Skólaþróun og nýsköpun á aðstöðu**

Vegna þróunar starfs í skólanum þarf skólinn engu að síður á aðstöðunni í risinu að halda fyrir áframhaldandi nýsköpun og skólaþróun í þágu nemenda og starfsfólks. Ljóst var frá upphafi að ekki væri um framtíðaraðstöðu fyrir skólamunastofu að ræða, vegna þess forgangs sem skólastarf þyrfti að hafa að húsnæði skólans en einnig vegna aðgengis almennings að aðstöðunni frá götu. Þá skal tekið fram að vegna þess hvernig aðgengi er hátt að skólamunastofunni hafa þeir aðilar sem sinna safninu og fæstir eru lengur starfsmenn skólans, aðgengi að húsnæði skólans og um leið öllum nemendum. Nú stendur yfir úttekt hjá eftirlitsaðilum um nýtingu á húsnæðið í risinu.

### **Aðkoma sérfræðinga að greiningu muna**

Það metnaðarfulla starf nokkurra fyrrverandi og núverandi kennara við Austurbæjarskóla, að halda til haga ýmsum munum og kennslugögnum úr sögu skólans, er mikils metið. Til að tryggja að fagaðilar ættu aðkomu að því að meta þá safnmuni sem eru í skólamunastofu var óskað aðkomu Borgarsögusafns Reykjavíkurborgar að málinu og funduðu safnstjóri og sérfræðingur Borgarsögusafns ásamt skrifstofustjóra grunnskólaskrifstofu SFS með stjórn Hollvinafélagsins þann 18. maí 2021 til að ræða framtíð muna sem eru á skólamunastofu. Safnstjóri lýsti þar yfir vilja Borgarsögusafns til að yfirfara munina og greina varðveislugildi þeirra og var áætlað að það gæti gerst á árinu 2022. Jafnframt bentu fulltrúar Borgarsögusafns á að aðstaða í risi Austurbæjarskóla væri ekki ákjósanlegur kostur fyrir safnaðstöðu.

### **Hugmyndir um samstarf um skólamunasafn**

Skrifstofustjóri fagskrifstofu grunnskólamála á skóla- og frístundasviði óskaði eftir fundi með þáverandi formanni KÍ, Ragnari Þór Péturssyni og Hannesi Þorsteinssyni skrifstofustjóra KÍ þar sem ræddar voru hugmyndir um möguleika á samstarfi við Kennarasamband Íslands um varðveislu skólamuna t.d. í gamla Kennarahúsinu án þess að ákvarðanir hafi verið teknar. Samkvæmt svari frá Kennarasambandinu var gert ráð fyrir að framtíð Kennarahússins yrði rædd á þingi KÍ í apríl 2022.

Ekki er vitað hvaða ákvarðanir voru teknar þar um framtíð hússins, ef einhverjar. Þá var rætt óformlega við fulltrúa úr mennta- og menningarmálaráðuneyti um sama mál. Ekki hefur komið fram skýr vilji frá Reykjavíkurborg um að koma að rekstri á nýju safni, og að aðkoma borgarinnar gæti eingöngu orðið í því að meta varðveislugildi muna og leggja til aðra sérfræðiþjónustu sem mögulega þyrfti á að halda og þá í gegnum Borgarsögusafn.



### **Það sem framundan er**

Öllum er ljóst hvernig síðastliðin tvö ár hafa verið í skólastarfi vegna Covid ástandsins. Af þeim sökum vannst ekki tími til að vinna málið áfram. Þann 16. júní 2022 hafði skrifstofustjóri fagskrifstofu grunnskólamála á skóla- og frístundasviði samband við formann Hollvinafélagsins, Dagnýju Marinósdóttur, til að minna á að nauðsynlegt væri að tæma rýmið sem skólamunastofan er í sem fyrst fyrir næsta skólaár. Var hún upplýst enn og aftur um að leitað yrði aðkomu Borgarsögusafns um að yfirfara muni sem þar eru til að tryggja að munir sem hafa sögulegt gildi glattist ekki og allir aðrir munir sem tengjast sögu menntunar og eru í stofunni yrðu varðveittir.

Nú hefur verið staðfest beiðni til Borgarsögusafns um aðkomu að verkefninu sem hefur samþykkt að sérfræðingar frá safninu rýni og meti muni sem eru í skólamunastofu. Hefur safnstjóri jafnframt óskað eftir samstarfi við skólastjóra Austurbæjarskóla um vinnslu verkefnisins og hefur því sambandi verið komið á. Þegar því verkefni verður lokið mun öðrum munum verða pakkað niður, þeir merktir og þeim komið fyrir í geymslu á vegum Reykjavíkurborgar. Þá er einnig mikilvægt að tryggja að öll skjöl sem kunna að vera í skólamunastofunni eða í fórum Hollvinafélagsins og þurfa að varðveitast, m.a. vegna laga um skjalasöfn verði fjarlægð og þeim komið fyrir hjá Borgarskjalasafni.

### **Höldum í menningararf og sögu**

Mikilvægt er að geta þess að menningararfur skiptir okkur máli. Sagan skiptir máli og þá sérstaklega skólasagan þegar horft er til þeirrar mikilvægu starfsemi sem skóla- og frístundasvið sinnir og ber ábyrgð á í leik- og grunnskólum og frístundastarfi borgarinnar. Skóla- og frístundasvið er hins vegar ekki með það verkefni að reka og hýsa söfn. Því er afar mikilvægt að fagaðilar komi að greiningu á þeim munum sem varðveittir eru í risinu í Austurbæjarskóla og varðveiti með viðeigandi hætti og tryggi að þeir komi fyrir almenningssjónir. Þá er einnig mikilvægt að benda á að hægt er að varðveita sögu og menningarleg verðmæti með fjölbreyttum hætti í dag og er það á færi okkar helstu sérfræðinga á Borgarsögusafni að leggja til málanna í þeim efnum.

Austurbæjarskóli á sér langa og merkilega sögu í skólasögu Reykjavíkur og fagnar innan nokkurra ára 100 ára afmæli. Það væri því vel við hæfi að ráðast í það verkefni að skrifa sögu skólans. Við skráningu þeirrar sögu myndi starf Hollvinafélagsins nýtast vel.

Skóla- og frístundasvið vonar að hollvinir Austurbæjarskóla standi með skólanum og styðji þróun og nýsköpun svo það verði stærra og veigameiri þáttur í skólastarfinu.